

**Ed.**

#### **4. Frumvarp til laga**

[4. mál]

um breyting á lögum nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Í stað orðanna „5 krónur“ í a-lið 2. gr. komi: 10 krónur, og í stað orðanna: „5 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 10 krónum.

2. gr.

Á eftir b-lið 9. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:  
c. að veita bændum lán eða styrk úr sjóðnum, ef þeir verða ella að farga bústofni sínum vegna grasbrests, svo að til auðnar horfi. Lán samkvæmt þessum staflið skulu tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga eða annarri öruggri tryggingu.

3. gr.

Í stað orðanna „9. gr. a—b“ í 12. gr. laganna komi orðin: 9. gr. a—c.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði tvöfölduð. Á þessu ári nema framlögin samtals ca. 1.9 milljónum króna. Sjóðurinn hefur orðið að hlaupa undir bagga með bændum, einkum á Austurlandi, nú á þessu hausti vegna hins mikla grasbrests, sem þar hefur orðið vegna kals í tünnum. Sjóðurinn hefur varið í þessu skyni samtals 6.6 milljónum króna þar af 4.2 milljónum króna sem styrk og 2.4 milljónum króna sem vaxtalaus lán til 5 ára. Til þess að geta gert þetta varð sjóðurinn að taka 3 milljóna króna lán í Búnaðarbankanum. Af þessu má ljóst vera, að tekjur þær, sem sjóðurinn hefur nú, hrökkva ekki til þess að veita slíka aðstoð, sem hér um ræðir. Í sambandi við framangreinda aðstoð sjóðsins ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir hækkun á tekjum sjóðsins eins og lagt er til með frumvarpi þessu. Stjórn sjóðsins taldi ákvæði laganna um aðstoð vegna fóðurskorts að hausti óljós og óskaði eftir gleggri ákvæðum um það efni, svo sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.